Nr. 5. 17. marz.

# Landamerkjalög.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, **Vinda og Gauta,** hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Skyldur er hver landeigandi að halda við glöggum landamerkjum fyrir jörð sinni, hvort sem hann býr á henni sjálfur, eða leigir hana öðrum. Umsjónarmenn þeirra jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, hafa og sömu skyldu að gæta, að því er til slíkra jarða kemur. Hin sama regla gildir einnig um afrjetti og aðrar óbyggðar lendur, að því leyti því verður við komið.

2. grein.

Þar sem eigi eru glögg landamerki, er náttúran hefur sett, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, en sjónhending ræður, skal setja marksteina, eða hlaða vörður á merkjum með hæfilegu millibili, svo merki sjeu auðsjen, eða og hlaða merkjagarð eða grafa merkjaskurð. Eru báðir þeir, er land eiga að merkjum, skyldir að leggja til jafnmikla vinnu að gjöra merkin glögg. Nú vill annar vinna að merkjasetning, en hinn alls ekki eða þá minna, og skal þá bera það mál undir 5 búa, og meta þeir, hve mikið skuli að merkjum starfa það sumar.

3. grein.

Eigandi eða umráðamaður hverrar jarðar er skyldur að skrásetja nákvæma lýsing á landamerkjum jarðar sinnar, eins og hann veit þau rjettust. Skal þar getið þeirra ítaka eða hlunninda, sem aðrir menn eiga í land hans, svo og þeirra, sem jörð hans á í annara manna lönd. Merkjalýsing þessa skal hann sýna hverjum þeim, er land á til móts við hann, sem og eigendum lands þess, er hann telur jörð sína eiga ítak í, og skulu þeir rita á lýsinguna samþykki sitt, hver fyrir sína jörð, nema þeir álíti lýsing hans eigi rjetta.

4. grein.

Þá er landeigandi hefur fengið alla, er hann á að sýna merkjalýsing sína eptir 3. grein, til að rita samþykki sitt á hana, skal hann fá hana sýslumanni í hendur til þinglesturs á næsta manntalsþingi.

# Lov

om

# Markeskjel.

Nr. 5.
17de
Marts.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Enhver Jordeier er pligtig at vedligeholde tydelige Markeskjel paa sin Jord, hvad enten han selv bor paa den, eller han udleier den til Andre. For de Jorders Vedkommende, som ikke ere i Privates Eie, paahviler den samme Forpligtelse deres Tilsynsmænd. Den samme Regel gjælder ligeledes med Hensyn til Sommergræsgange og andre ubeboede Jordstrækninger, for saa vidt det er muligt.

§ 2.

Hvor der ikke findes tydelige, af Naturen dannede Grænseskjel, saasom Fjelde, Kløfter, Elve eller Bække, men Synslinien er det Afgjørende, skulle Skjelstene opstilles, eller der skal opføres Varder med et passende Mellemrum, saaledes at de danne et let synligt Grænseskjel, eller ogsaa skal der i Skjellinien opføres et Gjerde eller graves en Grøft. Begge Eierne af de Jorder, som støde op til Markeskjellet, ere pligtige at tage ligelig Del i det Arbeide, der udfordres for at tilveiebringe tydelige Markeskjel. Vil den ene yde Arbeide til Opsætning af Markeskjellene, men den anden enten aldeles ikke eller i mindre Omfang, afgjøres Sagen ved Kjendelse af 5 Bønder, der fastsætte, hvor meget Markeskjelsarbejde, der skal udføres den paagjældende Sommer.

§ 3.

For enhver Jords Vedkommende er Eieren eller Tilsynsmanden forpligtet at affatte en nøiagtig Beskrivelse af sin Jords Grænseskjel, saaledes som han efter sit bedste Vidende anser dem for at være. I denne anføres de Servituter eller Herligheder, som Andre eie i hans Jord, eller som tilkomme denne i Andres Jorder. Denne Beskrivelse skal han forevise for Enhver, hvis Land grænser op til hans Jorder, saavelsom for Ejeren af den Jord, i hvilken han formener, at hans Jord har Servitutrettighed, og ere de pligtige til, hver for sin Jords Vedkommende, at forsyne Beskrivelsen med Paategning om deres Samtykke, medmindre de anse den for ikke at være rigtig.

§ 4.

Naar vedkommende Eier har faaet alle dem, som han ifølge § 3 skal forevise sin Grænseskjelsbeskrivelse for, til at meddele Paategning om deres Samtykke, indleverer han den til Sysselmanden til Thinglæsning paa næste Mandtalsthing.

Nr. 5. 17. marz.

Nú er landamerkjum breytt frá því, sem verið hefur, með samningi eða á annan hátt, og skal þá sá, er land hefur fengið við breytinguna, láta þinglýsa gjörningi þeim á manntalsþingi hinu næsta á eptir.

5. grein.

Sýslumaður skal á manntalsþingi grennslast eptir, hvort ákvörðunum þeim, sem settar eru í 1.—4. grein, hafi verið fullnægt; sannist það, að eigandi eða umráðamaður jarðar hafi vanrækt skyldu sína, skal hann sekur um allt að 20 kr., er renni í sveitarsjóð.

Nú hefur einhver ekki fullnægt ákvæðum laga þessara í 5 ár, frá því er lögin náðu gildi, enda sjeu engar löggildar málsbætur, og skulu þá tvöfaldar sektir fyrir hvert það ár, er líður úr því.

6. grein.

Sýslumaður skal hafa löggilta landamerkjabók, til að rita í allar merkjalýsingar, samninga og dóma um landamerki, sem á þingi eru lesnir.

7. grein.

Ef eigendur eða umráðamenn jarða skilur á um landamerki eða ítök, skal sá, er þrætu vill ljúka, stefna hinum með 7 nátta fresti á varnarþing rjett, en hið rjetta varnarþing er það, sem sýslumaður ákveður innan þeirrar þinghár, er jörð varnaraðila liggur í. Leiguliði er rjettur umboðsmaður varnaraðila, enda hafi varnaraðili ekki til nefnt annan. Á þingi skal sýslumaður nefna átta valinkunna óvilhalla menn fulltíða í dóm, og skal því næst hvor málsaðila nefna tvo úr dóminum. Nú vill annarhvor málsaðila eigi úr nefna, og skal þá hinn ryðja fyrir báða. Nú vill málsaðili enn ryðja úr merkjadómi og fellir þá sýslumaður fullnaðarúrskurð um það mál að lögum. Verði þá dómur ruddur, skal sýslumaður skipa annan mann í þess stað, er úr vjek. Sýslumaður og þeir 4, er rjett verða kvaddir, skulu skipa merkjadóminn og stýrir sýslumaður honum.

8. grein.

Nú mætir varnaraðili, en sakaraðili eigi, og skal hann þá greiða varnaraðila 3 krónur fyrir hvern þann dag, er hann fer venjulegum dagleiðum fram og aptur heim til sín, enda sje stefna hans ónýt. Sje varnaraðili sá, er eigi mætir, skal sýslumaður fyrir hans hönd nefna menn úr dómi. Mæti hvorugur, fellur það mál niður.

9. grein.

Þá er merkjadómur er skipaður, skal merkjaganga ákveðin á þeim degi og stundu, er hæfa þykir eptir atvikum og árstíma, þá jörð er auð, svo glöggt megi sjá, hversu landi og landsnytjum hagar. Frestur skal jafnan settur svo langur frá skipun merkjadóms til merkjagöngu, að gjöra megi ráð fyrir, eptir atvikum, að málsaðilar hafi nægan tíma til að útvega sjer skilríki þau öll og vitni, sem föng eru á, enda má og sýslumaður lengja frest þannan, reynist hann ónógur fyrir annanhvorn málsaðila eða báða þá. Þó má frestur ekki lengri vera en 18 mánuðir.

10. grein.

Á tilteknum tíma skulu málsaðilar og dómendur ganga á merki. Skulu þeir, er í dóm voru nefndir, rita nöfn sín undir eiðspjall, áður þeir taki til starfa. Að því

Naar tidligere Markeskjel forandres ved Overenskomst eller paa anden Maade, skal den, som erhverver Land ved Forandringen, lade den paagjældende Akt thinglæse paa næstkommende Mandtalsthing. Nr. 5. 17de Marts.

§ 5.

Sysselmanden har paa Mandtalsthinget at undersøge, hvorvidt Bestemmelserne i §§ 1—4 ere fyldestgjorte. Godtgjøres det, at en Eier eller Tilsynsmand har forsømt sin Pligt, ifalder han en Bøde af indtil 20 Kroner, som tilfalder Repskassen.

Saafremt Nogen ikke har opfyldt nærværende Lovs Bestemmelser i 5 Aar, efter at den er traadt i Kraft, og der ingen gyldige Undskyldningsgrunde kunne anføres herfor, fordobles Bøderne for hvert Aar, som forløber derefter.

§ 6.

Sysselmanden skal have en autoriseret Markeskjelsprotokol, hvori han indfører alle Markeskjelsbeskrivelser, samt Overenskomster og Domme om Markeskjel, som ere blevne thinglæste.

§ 7.

Naar de paagjældende Jorders Eiere eller Tilsynsmænd ere uenige angaaende Markeskjel eller Servituter, skal den, som vil have Sagen afgjort, indstævne Modparten med 8 Dages Varsel til det rette Værnething, som Sysselmanden fastsætter som saadant inden det Thinglag, hvori Sagvolderens Jord er beliggende. Leilændingen er Sagvolderens rette Ombudsmand, hvis denne ikke har opgivet en anden Befuldmægtiget. Paa Thinget skal Sysselmanden udmelde 8 gode, uvillige og fuldmyndige Mænd til at dømme i Sagen, hvorefter enhver af Parterne er berettiget til at udskyde to af de udmeldte Mænd. Vil den ene af Parterne ikke udskyde, skal den anden Part udskyde for dem begge. Dersom en af Parterne forlanger at udskyde flere af de udmeldte Mænd af Domstolen, afgjør Sysselmanden Spørgsmaalet herom ved en endelig Retskjendelse. Udskydes da nogen af Dommerne, beskikker Sysselmanden en Anden i den Fratrædendes Sted. Markeskjelsretten bestaar af Sysselmanden og de Mænd, som endelig ere gyldig udmeldte. Sysselmanden er Rettens Formand.

§ 8.

Dersom Sagvolderen møder, men Sagsøgeren udebliver, skal denne erlægge til Sagvolderen 3 Kroner for hver Dag, han bruger til Reisen frem og tilbage med sædvanlige Dagreiser, og bliver derhos Stævningen ugyldig. Dersom Sagvolderen ikke møder, udskyder Sysselmanden Mændene paa hans Vegne. Udeblive begge Parter, bortfalder Sagen.

§ 9.

Naar Markeskjelsretten er konstitueret, fastsættes der til at befare Markeskjellene en efter Omstændighederne og Aarstiden bekvem Dag og Time, medens Jorden er fri for Sne, saaledes at man tydeligt kan undersøge Jorden og dens Beskaffenhed. Mellem Markeskjelsrettens Udnævnelse og Markeskjellenes Befaring skal der stedse fastsættes en saa lang Tidsfrist, at det efter de for Haanden værende Omstændigheder kan antages, at Sagens Parter faa tilstrækkelig Tid til at tilveiebringe alle de Oplysninger og Vidner, som kunne erholdes, hvorhos Fristen kan forlænges af Sysselmanden, naar den viser sig at være utilstrækkelig for den ene af Parterne eller dem begge. Dog maa Fristen ikke være længere end 18 Maaneder.

§ 10.

Markeskjellene skulle til den fastsatte Tid befares af Sagens Parter og Dommerne. De beskikkede Meddomsmænd skulle før Forretningens Begyndelse underskrive en edelig For-

Nr. 5. 17. marz. búnu skulu dómendur allir kynna sjer vandlega landsháttu og land það, er málsaðilar kalla sjer, hvor í sínu lagi. Því næst skal leggja í dóm skilríki og leiða vitni, sem lög og venja er til. Síðan skal heyja merkjadóminn og setja þegar landamerki glögg sem hann ákveður.

11. grein.

Geti málsaðili eigi mætt sjálfur, þegar á merki er gengið, er honum rjett að senda umboðsmann í sinn stað, enda skal eigi að síður heyja dóminn. Sje dómsmaður sá, er eigi mætir, skal sýslumaður nefna annan í hans stað; skal dómsmaður skýra honum frá forföllum sínum svo snemma, að því verði við komið.

12. grein.

Merkjadómi ræður afl atkvæða, og skal í honum ítarlega skýrt frá landamerkjum þeim, er sett eru, og er hann fullnaðarúrslit þess máls og gild merkjaskrá, þá er hann hefur verið þinglesinn. Þó má innan 12 mánaða áfrýja merkjadómi fyrir yfirdóm landsins til ónýtingar sökum þingsafglöpunar, eða sökum lögleysu að efni til, og sje merkjadómur ónýttur fyrir þessar sakir, skal vísa málinu heim aptur, og kveður yfirdómur á, hver eða hverjir greiða skuli kostnað af málskotinu.

13. grein.

Nú eiga fleiri menn jörð saman, og skulu þeir hafa atkvæði allir samt, sem einn væri eigandi. Ef eigandi býr eigi á jörðu og er í öðru lögsagnarumdæmi, skal leiguliði vera löglegur umboðsmaður hans, nema hann nefni annan til, er sje í lögsagnarumdæminu

14. grein.

Dómendur skulu hafa 3 krónur hver fyrir hvern dag, er þeir eru að merkjadómi, og skal borgunin ákveðin í dóminum, sem og hver eða hverjir skuli greiða hana. Rjett er að fullnægja merkjadómi sem öðrum dómi.

15. grein.

Skorist dómsmaður undan að ganga í merkjadóm eða mæti ekki á settum stað og stund, enda sje undanfærsla hans og útivist ekki á gildum rökum byggð, og skal hann þá sæta sektum allt að 10 krónum, og greiða kostnað allan að skaðlausu, er leitt hefur af útivist hans.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amaluborg, 17. dag marzm. 1882.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

sikring. Dernæst skulle alle Dommerne omhyggelig undersøge Lokaliteterne og den Jordlod, som Sagens Parter, hver for sig, gjøre Fordring paa. Derefter finder Dokumenters Fremlæggelse og Vidneførsel Sted paa den ved Lov og Retssædvane foreskrevne Maade. Endelig afsiges Markeskjelsdommen, og tydelige Grænseskjel afsættes strax, saaledes som de ere fastsatte i Dommen. Nr. 5. 17de Marts.

§ 11.

Dersom en af Sagens Parter ikke kan give Møde ved Markeskjellets Befaring, er han berettiget til at sende en Befuldmægtiget i sit Sted, men Dommen bør desuagtet afsiges. Er det en af Meddomsmændene, som udebliver, skal Sysselmanden udnævne en anden i hans Sted. Meddomsmanden er pligtig at tilmelde Sysselmanden sit Forfald saa betimelig, at dette kan ske.

§ 12.

Markeskjelsdommen afsiges efter Stemmeflerhed. Dommen bør indeholde en nøiagtig Beskrivelse af de fastsatte Grænseskjel, og den er en endelig Afgjørelse af Sagen samt efter foretagen Thinglæsning et lovgyldigt Markeskjelsdokument. Dog kan Markeskjelsdommen inden Udløbet af 12 Maaneder indankes til Landsoverretten til Kassation formedelst Formfeil eller lovstridig Afgjørelse af Sagens Realitet. Bliver Dommen af disse Grunde kasseret, hjemvises Sagen, og Overretten bestemmer, hvem der skal betale Omkostningerne ved Sagens Appel.

§ 13.

Naar Flere eie Jord sammen, skulde de have Stemmeret alle tilsammen, som om der var én Eier. Dersom Eieren ikke er bosat paa den paagjældende Jord, men har hjemme i en anden Jurisdiktion, skal Jordens Bruger være hans lovlige Befuldmægtigede, medmindre han hertil antager en anden inden Jurisdiktionens Grænser bosat Mand.

§ 14.

Dommerne erholde hver 3 Kroner for hver Dag, de behandle Markeskjelssagen. Betalingen fastsættes i Dommen, der tillige bestemmer, af hvem den skal udredes. Markeskjelsdommen kan fuldbyrdes paa samme Maade som enhver anden Dom.

§ 15.

Naar nogen Dommer undslaar sig for at tage Sæde i Markeskjelsretten, eller han ikke møder til fastsat Tid og Sted, og der ikke er anført gyldige Grunde for hans Vægring eller Udeblivelse, ifalder han Bøder indtil 10 Kroner, hvorhos han skal erstatte alle ved hans Udeblivelse foraarsagede Omkostninger skadesløst.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 17de Marts 1882.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*